

Skipulag

|                |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          |               |                   |
|----------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------|-------------------|
| Fundarboðandi: | Vigdís Tryggvadóttir                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                     | Fundarstaður: | Teams             |
| Fundarstjóri:  | Vigdís Tryggvadóttir                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                     | Dagsetning:   | 10. desember 2025 |
| Fundarritari:  | Þórður Heimir Sveinsson                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  | Fundartími:   | 11:00 - 12:15     |
| Þátttakendur:  | Vigdís Tryggvadóttir (varamaður Yfirdýralæknis formanns Fisksjúkdómanefndar), Guðni Magnús Eiríksson (f.h. Fiskistofu), Árni Kristmundsson (f.h. Tilraunastöðvar H.Í. í meinafræði að Keldum), Guðni Guðbergsson og Rakel Guðmundsdóttir (f.h. Hafrannsóknarstofnunar), Berglind Helga Bergsdóttir (sérgreinadýralæknir fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun) |               |                   |

Dagskrá

1. Ráðgjöf til Matvælastofnunar vegna umsóknar Laxeyjar ehf., um innflutningsleyfi fyrir frjóvguð laxahrogn frá Noregi.

Umræða

Fyrir var tekin umsókn Laxeyjar ehf. um innflutningsleyfi fyrir frjóvguð laxahrogn frá Noregi. Umsókn þessi barst Matvælastofnun 10. október 2024 og var í kjölfrið send til umsagnar hjá Fisksjúkdómanefnd sem hefur beðið eftir frekari gögnum til stuðnings umsókninni sem nefndin telur nú vera fullnægjandi til að taka afstöðu til umsóknarinnar.

Á fundinum var tekin samróma ákvörðun um að veita jákvæða umsögn til Matvælastofnunar um að veita Laxey ehf. leyfi til innflutnings á frjóvguðum laxahrognum frá Aquagen í Noregi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þessi skilyrði eru m.a. að fyrir eigi að liggja erfðaupplýsingar foreldrafiska hjá framleiðanda svo hægt sé að rekja uppruna eldisfisks ef til stroks kemur og að kröfur til innflutnings verði settar af hálfu Matvælastofnunar í samráði við Keldur sem miða að því að lágmarka áhættu á að sjúkdómur berist með hrognunum til landsins, m.a. kröfur um skimanir.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 12:15